

Fundur 20/9/21 kl.16:15

Mættar: Hugrún, Margrét, Karen, Sigurbjörg, Sandra

151

Hugrún talaði um að formlega séð er Álfsteinn orðin það stór að það þarf að vera til foreldrafélag og foreldraráð.

Í leikskólanum eru 59 börn og fjölgar um 8 um áramótin. Samkvæmt reglugerð þá mega 70 börn vera á leikskólanum í þessari stærð. Talað er um stækkun leikskólans.

Halda þarf aðalfund hjá foreldrafélaginu, ákveðið var að hafa aðalfund að kvöldi með fyrirlestri fyrir foreldra. Óskað verður eftir nýjum meðlimum þar sem þrír meðlimir hafa ákveðið að halda ekki áfram.

Sigurbjörg ætlar að hafa samband við Sonju Magnúsdóttur og reyna að fá hana til okkar í byrjun október.

Foreldranámskeið verður haldið í janúar fyrir grunnskóla/leikskóla – Jákvæður agi

Hugrún talaði um foreldrakaffi sem haldið verður núna í lok október og verður það bara fyrir Trölla og Dvergadeild. Ákveðið er að hafa kaffið í lok dags.

Grænfánanefnd, mælt er með því að hafa einn foreldra og barn í Grænfánanefnd. Margrét bauð sig fram í þá nefnd.

Girðingin í kringum leikskólan er komin og verður hún sett upp á næstu vikum.

Fundi slitið 17:10

Skýrsla stjórnar foreldrafélags Álfasteins 2020-2021

Stjórn foreldrafélagsins skipa: Margrét Sverrisdóttir formaður, Sigurbjörg Línberg Auðbjörnsdóttir gjaldkeri, Sandra Rós Ólafsdóttir ritari, Sunna María Jónasdóttir, Karen Hrönn Eyvindsdóttir.

Aðalfundur haldinn 12/10/21 í íþróttasal Álfasteins

Vegna aðstæðna 2020 var heldur meiri tekjur inni í sjóðnum hjá foreldrafélaginu en vanalega.

Foreldrafélagið tók þátt í kostnaði að fá Leikhópin Lottu og voru jólagjafirnar veglegri. Einnig sáu Álfavinir um að fá jólasvein á jólaballið.

Vegna COVID hafa uppákomur og fundir verið með minna móti.

Óskað er eftir nýjum meðlimum í foreldrafélagið, endilega ef þið hafið áhuga að hafa samband við okkur eða Hugrúnu leikskólastjóra.